

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022 – uppfært 24. febr. 2022	
Sveitarfélag:	Langanesbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Bakkafjarðarhöfn og Þórshöfn
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Sveitarstjórn Langanesbyggðar, 24. febrúar 2022 og atvinnu- og nýsköpunarnefnd 16. febrúar 2022.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Ákvæði b-liðar 1. mgr. reglugerðarinnar breytist og verður: <i>Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2021.</i> [leturbr. Lnb.] Ákvæði c-liðar 1. mgr. reglugerðarinnar breytist og verður: <i>Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfanga í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2021.</i> [leturbr. Lnb.] Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr staflíður svohljóðandi: <i>Stærð fiskiskips er minni er 300 brúttótonn.</i> [leturbr. Lnb.]
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Lögd er til breyting á b og c lið 1. gr. til að koma til móts við flutning fyrirtækja í sjávarútgerð til byggðarlagsins. Nýr staflíður, með 1. mgr. 1. gr., hefur verið undangengin ár í reglum Langanesbyggðar. Rökin eru sem fyrr að tryggja að úthlutunin fari til skipa sem landa í byggðarlaginu en ekki stærri skipa.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: <i>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiar, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstök- um sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 að frádregnu því aflamarki sem tilkomið er vegna úthlutunar á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.</i> [leturbr. Lnb.]
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Þessi viðbót „að frádregnu því aflamarki sem tilkomið er vegna úthlutunar á sértæku aflamarki Byggðastofnunar“ er sett inn til að gæta þess að sértækur byggðakvóti, sem úthlutað er af Byggðastofnun, bætist ekki við aflamarksreynslu báta eða útgerða næstu ára á eftir. Með henni er ekki gert ráð fyrir að hið sértæka aflamark Byggðastofnunar komi til frádráttar aflamarki því sem úthlutað er skv. þessari reglugerð.

Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: <i>Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi <u>sveitarfélags</u> á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.</i> [leturbr. Lnb.]
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Vegna ártíða bundinni sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á að heimilt verði að landa afla til vinnslu sem telja á til byggðakvóta innan Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar varðandi byggðakvóta á Bakkafirði þar sem ekki er til staðar frysting.
Tillaga varðandi breytingu afhendingu og flutningi aflamarks (ákvæði 7. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 7. gr.)	1. ml. 1. mgr. 7. greinar orðist svo: <i>Fiskistofu er heimilt að úthluta aflmarki fiskiskips á grundvelli afla annars skips, sem skráð er í sama <u>sveitarfélagi</u>, og er í eigu sama lögaðila.</i> [leturbr. Lnb.] 2. ml. 1. mgr. 7. greinar orðist svo: <i>Jafnframt er heimilt er heimilt að flytja rétt til úthlutunar aflamarks milli skipa, sem skráð er í sama <u>sveitarfélagi</u>, og er í eigu sama lögaðila.</i> [leturbr. Lnb.]
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 7. gr.)	Farið er fram á þessa breytingu til að tryggja að afla sé landað innan sveitarfélagsins.